

# Að koma auga á tækifærin

Semjið framhald á frásagnirnar hér neðar. Hugleiðið með hvaða hætti persónurnar sem þar er sagt frá gætu brugðist við á tvo vegu, annaðhvort með viðbrögðum sem fela í sér hindrun eða viðbrögðum sem fela í sér lausn.

Stefán er fyrirliði fótboltaliðs. Hann er efnilegur og stefnir á atvinnumennsku í framtíðinni. Liðinu hans hefur gengið mjög vel á tímabilinu og fram undan er úrslitakeppni á Íslandsmótinu. Á æfingu skömmu fyrir keppnina varð hann fyrir því óláni að slíta liðbönd ...

Viðbrögð sem fela í sér hindrun eða neikvæða hugsun.

Viðbrögð sem fela í sér lausn eða jákvæða hugsun.



Aron hefur ýmsa listræna hæfileika. Í framtíðinni langar hann til þess að verða leikari. Hann vill bæði geta sungið og dansað á sviðinu. Hann sækir um í listdansskóla og þarf að þreyta inntökupróf. Þrátt fyrir að æfa nokkuð vel er honum hafnað að sinni ...

Viðbrögð sem fela í sér hindrun eða neikvæða hugsun.

Viðbrögð sem fela í sér lausn eða jákvæða hugsun.

Freyja hefur nýlokið fyrsta árinu í framhaldsskóla. Henni finnst gaman í skólanum og er mjög virk í félagslífinu. Námið stundar hún sæmilega. Í skólanum er bekkjarkerfi og nú hefur komið í ljós að námsárangur hennar er ekki nægilega góður og því þarf hún að endurtaka fyrsta árið ...

Viðbrögð sem fela í sér hindrun eða neikvæða hugsun.

Viðbrögð sem fela í sér lausn eða jákvæða hugsun.

Eyrún er í leikfélagi skólans. Ætlunin er að setja á svið stórt leikrit og vitað að margir munu sjá verkið. Eyrún hefur ákveðið að sækja um aðalhlutverkið. Þegar kemur að prufum fyrir hlutverkin verður hún lasin. Þrátt fyrir hita og slen mætir hún í prufuna. Henni er ekki boðið aðalhlutverkið heldur nokkuð viðamikil aukahlutverk ...

Viðbrögð sem fela í sér hindrun eða neikvæða hugsun.

Viðbrögð sem fela í sér lausn eða jákvæða hugsun.